

L Ö G

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „að þriðjungi eftir tölu verkfærra karlanna“ í 101. gr. laganna komi: að þriðjungi eftir íbúatölu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal lagt á samkvæmt þeim fyrsta sinn árið 1968.

Gjört í Reykjavík, 25. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

19. apríl 1968.

Nr. 29.

L Ö G

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1966.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1966 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

Innborganir:		Áætlun:	Reikningur:
1. Tekjur samkvæmt	2. gr.	fjárlaga kr. 3 289 300 000.00	kr. 4 015 775 214.57
2. — —	3. — A.	— — 472 000 000.00	— 618 242 312.39
3. — —	3. — B.	— — 75 000.00	
4. — —	4. —	— — 8 000 000.00	— 21 977 337.97
5. — —	5. —	— — 25 000 000.00	— 21 792 166.91
6. Eignahreyfingar skv.	20. gr. fjárlaga	— 6 100 000.00	— 381 588 911.31
		kr. 3 800 475 000.00	kr. 5 059 375 943.15